



Nefndasvið Alþings
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2012.

Efni: Umsögn vegna draga að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/66/EB þar sem kveðið er á um meginreglur er skylda ríki til að koma á fót skilvirkri og skjótri kærumálsferð á sviði opinberra innkaupa, tryggja jafnfræði o.fl.

Samtökin eru almennt jákvæð gagnvart þeim nýmælum er finna má í frumvarpinu, þ.m.t. ákvæði um óvirkni sammings, önnur viðurlög og málsmeðferðarreglur.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að styrkja kærunefnd útboðsmála og fyrir séð er að málum mun fjölga fyrir nefndinni. Samtökin taka því undir það sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að mikilvægt er að styrkja málsmeðferð og starfssemi kærunefndarinnar eftir föngum. Er því afar mikilvægt að starfsskiyrði nefndarinnar verði bætt verulega en eins og réttilega kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hefur kærunefndin hingað til aðeins haft löglærðan ritara í hlutastarfi.

Samkvæmt frumvarpsdrögunum eru ekki fyrirhugaðar breytingar á 19. gr. núgildandi laga um opinber innkaup, er fjallar um gildissvið opinberra innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, en þar segir í 2. mgr. greinarinnar:

„Ákvæði þessa þáttar taka ekki til innkaupa sveitarfélaga, stofnana þeirra, annarra opinberra aðila á þeirra vegum, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða samtaka sem þessir aðilar kunna að hafa með sér. Þessum aðilum er þrátt fyrir þetta ávallt heimilt að beita reglum þessa þáttar í heild eða að hluta við innkaup sín. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um innkaup sín, enda hafi þau ekki ákveðið að kaupa inn samkvæmt reglum þessa þáttar í heild.“

Samtökin hafa um árabíl talað fyrir því að nauðsynlegt sé að samsvarandi reglur gildi um alla þá aðila sem fara með opinbert fé. Reynslan er sú að oft rísa deilur þegar sveitarfélög bjóða ekki út verksamninga jafnvel fyrir mjög háar fjárhæðir. Samtökin telja óeðlilegt að sveitarfélög geti metið hvort og hvenær þau ákveða að bjóða út allt að þeim viðmiðunarfjárhæðum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þeim hætti skapast einnig misræmi milli sveitarfélaga og það veldur erfiðleikum fyrir verktaka sem vita ekki hvaða reglur gilda innan hvers sveitarfélags. Má líkja þessu við að ólíkar umferðarreglur gildi milli sveitarfélaga.

Ákvæði 19. gr. laganna um að sveitarfélögin geti valið um að kaupa inn eftir reglum laga um opinber innkaup eða setja sér eigin innkaupareglur kom fyrst inn í lög um opinber innkaup 2007. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er sú að sveitarfélögin kjósa sárasjaldan að beita regluverki laga um opinber innkaup um innkaup sín og þá hafa örfá sveitarfélög sett sér innkaupareglur eins og skylt er samkvæmt lögnum. Ljóst er að ákvæðið er algerlega haldlaust þar sem engin viðurlög eru við því ef sveitarfélag hvorki kys að eiga undir regluverk laga um opinber innkaup eða setja sér eigin innkaupareglur.

Samtökin skora á stjórnvöld og löggjafann að ráða bót á þessu og koma sveitarfélögum undir regluverk laga um opinber innkaup að öllu leyti eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar þar sem settar hafa verið innlendar innkaupareglur fyrir innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Kjósi stjórnvöld og löggjafinn hins vegar að leyfa sveitarfélögum að hafa þetta áfram valkvætt er mikilvægt að breyta lögnum þannig, að ef sveitarfélög setji sér ekki innkaupareglur skuldbinda þau sig til að eiga undir regluverk laga um opinber innkaup að öllu leyti og gilda þá lögum um innkaup viðkomandi sveitarfélags.



Þá vilja samtökin ennfremur vekja athygli á mikilvægi þess að setja inn í lögín ákvæði er heimilar aðilum að kæra innkaup sveitarfélaga til kærufndar útboðsmála þegar um er að ræða innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins en yfir innlendum viðmiðunarfjárhæðum laganna.

Samtökin vilja einnig vekja athygli á að mikilvægt er að skýra orðalag 7. gr. laganna betur en skv. orðalaginu má ráða að lög um um opinber innkaup nái ekki að neinu leyti til innkaupa skv. tilskipun 2004/17/EB (veitutilskipunin). Hið rétta er að kaflar laga um opinber innkaup er snúa að úrræðum og kæruleiðum eiga einnig að taka til innkaupa skv. veitutilskipunni. Þá á veitutilskipunin að vera réttilega innleidd í íslenskan rétt með lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Sigurður B. Halldórsson, hrl.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Halldór Árnason, hagfræðingur